



HRUNAMANNAHREPPUR

4. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 10. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. SEPTEMBER 2014

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2014, þann 4. september kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Ragnar Magnússon, Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Ragnar Magnússon setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir því að taka fyrir 1 mál, kosning fulltrúa á SASS þing. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.
2. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2014.
3. Arionbanki: Erlent lán.
4. Samband íslenskra sveitarfélga: Námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórn.
5. Íbúar Akurgerðis: Áskorun til sveitarstjórnar.
6. Uppskeruhátíðin: Dagskrá.
7. Hrunaheiðar: Réttargæslustefna.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

8. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 11. ágúst s.l.
9. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 15. ágúst s.l.
10. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 25. ágúst s.l.
11. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar vegna Flúðaskóla frá 28. ágúst s.l.
12. Veitustjórn: Fundargerð 3. fundar frá 1. september.

-liggur frammi á fundinum-

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

13. Minnispunktar fundar oddvita og sveitarstjóra Uppsveita frá 25. ágúst s.l.
14. Fundargerð 75. fundar skipulagsnefndar frá 28. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. júní til 27. ágúst s.l.
Mál nr. 1: Dalabyggð 7. Stækkun sumarhúss.
Mál nr. 6: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.
Mál nr. 16: Landsskipulagsstefna 2015-2016.
15. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 19. fundar stjórnar frá 28. ágúst s.l.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. SASS: Fundargerð 482. fundar stjórnar frá 13. ágúst s.l.

Kynningarmál:

- b. Göngum í skólann.
- c. Golfklúbburinn Flúðum: Ársskýrsla.
- d. Samband sunnlenskra kvenna: Áskorun frá 86. ársfundi.
- e. Jafnréttisstofa: Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum.
- f. Tæknisvið Uppsveita: Verkfundargerð 1. fundar v/ reisingar á íþróttahúsi.
- g. Minjastofnun Suðurlands: Vegna deiliskipulagsbreytinar á Högnastaðarás.
- h. Minjastofnun Suðurlands: Vegna deiliskipulagsbreytinar í Torfdal og Vesturbrún.
- i. Umhverfis- og AUðlindarráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru.

Fundir framundan:

- j. Jafnréttisnefnd: Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga í Reykjavík 19. september n.k.

Skýrslur á skrifstofu:

- k. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Ársskýrsla 2013.
- l. Mannvirkjastofnun: Ársskýrsla 2013.

Genqið til dagskrár:

Erindi til sveitarstjórnar:

1. Yfirlit yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins.

Sveitarstjóri fór yfir rekstur sveitarfélagsins fyrstu 8 mánuði ársins. Rekstur sveitarfélagsins er að mestu á áætlun en ljóst er að verulegt álag verður á launaliði sveitarfélagsins vegna áhrifa nýrra kjarasamninga.

2. Viðaukar við fjárhagsáætlun fyrir árið 2014.

Oddviti kynnti viðauka við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2014. Tekjur hækka um kr. 6.500.000 og útgjöld um kr. 8.500.000. Einnig er fjárfesting aukin um kr. 25.000.000 vegna tilfærslu á framkvæmdum við íþróttahús milli áranna 2014 og 2015 sem mæta þarf með lántöku. Þá hafa áður verið samþykktar, með viðaukum, minniháttar útgjaldaaukningar í rekstri, eignasjóði og fjárfestingu. Jafnframt hefur verið tekið tillit til rauntalna vegna ársreiknings 2013. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 16.910.000 í stað 20.739.000. Útgjaldaaukningu skal mætt með lækkun á handbæru fé og gert er ráð fyrir að mæta aukinni fjárfestingu að stórum hluta með lántöku. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2014.

3. Arionbanki: Erlent lán.

Oddviti lagði fram minnisblað sveitarstjóra vegna mögulegrar endurfjármögnunar erlends láns frá Arionbanka sem nemur nú að eftirstöðum um kr. 90.000.000. Sveitarstjórn samþykkir að framlengja erlent lán hjá Arionbanka skv. skilmálum þess og felur sveitarstjóra að ganga frá því.

4. Samband íslenskra sveitarfélaga: Námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórn.

Oddviti kynnti námskeið fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórn á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga sem munu byrja í október í samvinnu við landshlutasamtök sveitarfélaganna.

5. Íbúar Akurgerðis: Áskorun til sveitarstjórnar.

Oddviti kynnti bréf frá íbúum Akurgerðis þar sem þeir skora á sveitarstjórn að bæta ástand götunnar svo viðunandi sé. Sveitarstjórn tekur undir að ástand götunnar sé óviðunandi en hins vegar sé forgangsmál að klára áætlun sveitarfélagsins um að íbúðagötur á Flúðum sem eru í umsjón sveitarfélagsins verði bundnar slitlagi. Ef áætlanir ganga eftir ætti það verk að klárast á árinu 2015 og síðan ætti röðin að koma að nauðsynlegu viðhaldi annarra gatna ef svigrúm er til þess í fjárhagsáætlun sveitarfélagsins.

6. Uppskeruhátíðin: Dagskrá.

Oddviti kynnti dagskrá uppskeruhátíðarinnar sem fram fer laugardaginn 6. september í sveitarfélaginu.

7. Hrunaheiðar: Réttargæslustefna.

Oddviti kynnti stefnu frá eigendum Tungufells á hendur Kirkjumálasjóði vegna girðingarmála á Hrunaheiðum. Hrunamannahreppi er einungis stefnt til réttargæslu. Þá er lögð fram drög að greinargerð sveitarfélagsins. Sveitarstjórn samþykkir að fela lögmanni sveitarfélagsins að gæta hagsmuna þess í málinu.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

8. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 1. fundar frá 11. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar landbúnaðarnefndar. Farið var yfir fjallskil og raðað í leitir, fjallað um smölun Hrunaheiða, ástand girðinga o.fl. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

9. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 2. fundar frá 15. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 2. fundar landbúnaðarnefndar. Raðað var í leitir, heiðasmalamennskur ræddar, farið yfir vinnu við landbótaáætlun, ástand girðinga við réttir og fyrirkomulag á réttardaginn. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

10. Landbúnaðarnefnd: Fundargerð 3. fundar frá 25. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar landbúnaðarnefndar. Aðalmál fundarins voru fjallskilamál þar sem raðað var í réttir og rætt um réttir. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

11. Skólanefnd: Fundargerð 1. fundar vegna Flúðaskóla frá 28. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 1. fundar nýskipaðrar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Þar var farið yfir hlutverk og verksvið skólanefnda, skýrslu skólustjóra,

framkvæmd skólafundar, fundartíma og önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina en vill þó benda á vegna umræðu um framkvæmdir við skólann að ekki verði bæði sleppt og haldið. Sveitarfélagið hefur lagt mikinn metnað síðustu ár í að endurnýja tækjakost skólans, auka viðhald verulega og nú standa fyrir lagfæringum á skólalóð. Slíkt hefur óhjákvæmilega í för með sér óþægindi sem sveitarfélagið vonar að starfsfólk sýni skilning. Vissulega mætti framkvæmdahraði vera á stundum meiri en stundum ráða aðstæður sem sveitarfélagið á erfitt með að stjórna, m.a. hvað fagmenn eru umsettnir verkum og hve stuttur framkvæmdatíminn er milli skólaára.

12. Veitustjórn: Fundargerð 3. fundar frá 1. september.

Oddviti kynnti fundargerð 3. fundar veitustjórnar. Farið var yfir 7 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða, vatnsveitu og fráveitu Hrunamannahrepps og farið yfir önnur mál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Fundargerðir v. samstarfs Uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:

13. Minnisþing fundar oddvita og sveitarstjóra Uppsveita frá 25. ágúst s.l.

Oddviti kynnti minnisþinga frá fundi 25. ágúst s.l. þar sem farið var yfir starfssemi skipulags- og byggingafulltrúaembættisins, kölkun seyru, ráðingu félagsmálafulltrúa í Laugarás, almenningsamgöngu, ferðamálafulltrúa Uppsveita, atvinnustefnu, Tæknisvið uppsveita og önnur mál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

14. Fundargerð 75. fundar skipulagsnefndar frá 28. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. júní til 27. ágúst s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 75. fundar skipulagsnefndar frá 28. ágúst s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. júní til 27. ágúst s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 1: Dalabyggð 7. Stækkun sumarhúss.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og felst því ekki á að sumarhús á lóðinni Dalabyggð 7 verði stækkað þar sem óheimilt er byggja sumarhús nær lóðamörkum en 10m.

Mál nr. 6: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingafulltrúa frá 20. júní til 27. ágúst.

Mál nr. 16: Landsskipulagsstefna 2015-2016.

Kynnt var erindi frá Skipulagsstofnum um fresti til að gera athugasemdir við valkosti í tengslum við Landsskipulagsstefnu 2015-2016 en málinu var frestað til næsta fundar skipulagsnefndar.

15. Skipulagsfulltrúi Uppsveita bs: Fundargerð 19. fundar stjórnar frá 28. ágúst s.l.

Oddviti lagði fram fundargerð 19. fundar stjórnar Skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. Farið var yfir starfsemi skipulags- og byggingarfulltrúa og skjala og upplýsingakerfi embættisins. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

Önnur mál:

16. SASS þing: Kosning fulltrúa.

Árþing SASS verður haldið á Kirkjubæjarklaustri 21. og 22. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir að eftirtaldir verði fulltrúar hennar á árþingi SASS og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands: Ragnar Magnússon, Sigurður Sigurjónsson og Bjarney Vignisdóttir en til vara Unnsteinn Eggertsson, Halldóra Hjörleifsdóttir og Erla Björg Arnardóttir. Fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands: Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri og til vara Ragnar Magnússon.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

a. SASS: Fundargerð 482. fundar stjórnar frá 13. ágúst s.l.

Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

b. Göngum í skólann.

Lagt fram til kynningar.

c. Golfklúbburinn Flúðum: Ársskýrsla.

Lagt fram til kynningar.

- d. Samband sunnlenskra kvenna: Áskorun frá 86. ársfundi.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Jafnréttisstofa: Skyldur sveitarfélaga samkvæmt jafnréttislögum.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Tækni svið Uppsveita: Verkfundargerð 1. fundar v/ reisingar á íþróttahúsi.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Minjastofnun Suðurlands: Vegna deiliskipulagsbreytinar á Högnastaðarás.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Minjastofnun Suðurlands: Vegna deiliskipulagsbreytinar í Torfdal og Vesturbrún.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Umhverfis- og AUðlindarráðuneytið: Dagur íslenskrar náttúru.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- j. Jafnréttisnefnd: Landsfundur jafnréttisnefnda sveitarfélaga í Reykjavík 19. september n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Skýrslur á skrifstofu:

- k. Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins. Ársskýrsla 2013.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Mannvirkjastofnun: Ársskýrsla 2013.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00.